



Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum Sundabrautar. 1. skref



Bjarni F. Einarsson. Sept. 2000.

Inngangur

Að beiðni Línuhönnunar hf. kannaði Fornleifafræðistofan hluta af fyrirhugaðri Sundabraut (1. áfanga) frá Kleppsvegi að Gufunesi sbr. loftmynd.

A.m.k. 50 m breitt svæði var kannað sinn hvoru megin við fyrirhugaða braut. Aðeins sjálf Sundabrautin var könnuð, ekki hliðarvegir.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fornleifa leitað.

Vettvangsvinna fór fram þann 26. september síðastliðinn.

Umboðsmaður verkkaupa var Magnús Björnsson, Línuhönnun hf.

Forsíðumyndin sýnir garð í landi Klepps. Horft er til suðausturs.
Ljósm. B.F.E.



Mynd 1. Staðsetning garðs, fornleifar nr. 149, í landi Klepps. Einnig sjést staðsetning áður skráðra fornleifa, nr. 56 og 82. Ljósm. Línuhönnun hf.

Skráningin

Á hinu kannaða svæði eru engar friðlýstar fornleifar og í Fornleifaskrá Reykjavíkur eru engar fornleifar skráðar á svæðinu (Bjarni F. Einarsson 1995). Við vettvangskonun fundust þó áður óþekktar minjar í landi Klepps, en þær voru garður úr grjóti. Líklega er garðurinn ekki eldri en 100 ára og því ekki fornleifar skv. skilgreiningu þjóðminjalaga. Þó er þessi aldursgreining ekki alveg örugg og hana þyrfti að styðja með þrúfurannsókn (sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá).

Skv. þjóðminjalögum frá 1990, með síðari breytingum, eru allar minjar eldri en 100 ára friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi fornleifanefndar (17. gr.).

Niðurstaða

Fornleifar fundust á einum stað, en það var garður úr grjóti skammt suðvestur af Kleppi. Minjarnar teljast hafa lítið minjagildi, yngri en 1900 og stafar mikil hætta af fyrirhugaðri framkvæmd við Sundabraut. Garðurinn hefur ekki verið skráður áður.¹

Sé garðurinn eldri en 100 ára er hann friðaður og til að raska honum, og eyða, þarf álit Þjóðminjasafns og leyfi fornleifanefndar. Mælt er

¹ Garðurinn fær næsta lausa númer í Fornleifaskrá Reykjavíkur.

með því að leitað verði álitis Þjóðminjasafns Íslands hvort
prufuholugröftur sé nauðsynlegur og með hvaða skilmálum megi raska
garðinum.

Heimildir

Bjarni F. Einarsson. Fornleifaskrá Reykjavíkur. *Skýrslur*

Árbæjarsafns XLVI. Reykjavík 1995.

Þjóðminjalög 1989, nr. 88, 29 maí. Með síðari breytingum.